

**3484. fundur bæjarráðs, haldinn í fjarfundi,
6. janúar 2022 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ólafur Adolfsson varamaður, Ragnar B. Sæmundsson varamaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fundurinn fer fram í fjarfundi og í lok fundar samþykkja fundarmenn fundargerðina með rafrænum hætti.

Fyrir tekið:

1. 2112166 - Akranes hses - húsnæðissjálfsseignarfélag

Stofnun húsnæðissjálfsseignarfélags - Akranes hses.

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að fara í viðræður við fulltrúa Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um að væntanleg húsnæðissjálfsseignarstofnun, sem ætlað er það hlutverk að stuðla að uppbyggingu almennra íbúða á landsbyggðinni, sæki um stofnframlag vegna kaupa á 10 íbúðum í mannvirkjum sem fyrirhugað er að reisa á Þjóðbraut 3 og 5 af byggingaraðilanum Bestla Þróunarfélagi ehf.

Kallað verður eftir yfirlýsingu frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun um skuldbindingu vegna framlags væntanlegrar húsnæðissjálfsseignarstofnunar. Koma þarf m.a. fram heimilað hámarkskaupverð íbúða svo skilmálar verkefnisins verði uppfylltir.

Akraneskaupstaður hefur þegar samþykkt heildarstofnframlag vegna íbúðakaupanna að fjárhæð kr. 65 m.kr. sbr. samþykkt bæjarráðs frá fundi nr. 3444 þann 17. desember 2020 (10. tl. - mál nr. 1904086).

Samþykkt 3:0

2. 2110220 - Þorablót Skagamanna 2022

Beiðni um sérstaka styrkveitingu.

Bæjarráð samþykkir sérstaka styrkveitingu að fjárhæð kr. 500.000 til viðburðarins sem í ljósi sérstakra aðstæðna vegna heimsfaraldursins mun fara fram í streymi.

Útgjöldin verða færð af liðnum 20830-4995.

Samþykkt 3:0

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 09:00.